



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**41. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 15. maí 2023
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - 1908010

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynna stöðu sorpbrennsluverkefnis og næstu skref þess. Haraldur Flosi Tryggvason fjallar um lagaleg álitæfni varðandi eignarhald á brennslu og rekstur hennar og Jón Þór Sigurvinsson ráðgjafi hjá Arctica Finance fer yfir mögulega fjármögnun brennslustöðvar. Fyrir liggur að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur samþykkt að koma að forverkefni nr. 2 um sorporkustöð. Umræður.

Gestir

Haraldur Flosi Tryggvason

Jón Þór Sigurvinsson

Valgeir Páll Björnsson

Niðurstaða:

Er SSH og Sorpu bs. falið að móta endanlegar tillögur að forverkefni nr. 2 með umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og leggja þær fyrir eigendavettvang.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.